

Bókasafn Grindavíkur, starfsárið 2017

Bókasafns Grindavíkur, Ásabraut 2
netfang: bokasafn@grindavik.is
veffang: www.grindavik.is/bokasafn

Afgreiðslutími:

Safnið er opið frá 8-18 alla virka daga.

Afgreiðslutíminn var svo frá 12.30-18.00 yfir sumarmánuðina, en hefðbundinn opnun tók við 22. ágúst og var safnið opið í alls 250 daga.

Húsnæði:

Safnið er í 443m² húsnæði á jarðhæð, auk geymslu í kjallara.

Tölvukerfi:

Bókasafnskerfið er Gegnir, Landskerfi bókasafna.

Rafrænn aðgangur:

Bókasafnið tekur þátt í rekstri landsaðgangs að rafrænum gögnum á leitir.is, auk þess að hafa þrjár borðtölvur og spjaldtölvur í boði fyrir lánþega sem vilja skoða/lesa rafræn rit.

Í lok ársins komu síðan þær skemmtilegu fréttir að bókasafnið er orðið hluti af rafbókasafninu, sem gefur notendum okkar möguleika á að fá lánaðar bækur rafrænt til að lesa á spjaldtölvum, sínum eða lesbrettum ýmiskonar.

Rekstrartölur:

Fjárhagsáætlun 2017 hljóðar upp á útgjöld fyrir 41.443.199 kr.

Starfsfólk:

Forstöðumaður, Andrea Ævarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur, var í 100% stöðu. Guðbjörg Ásgeirsdóttir var í 70% stöðu og Viktoría Róbertsdóttir í 100% stöðu frá 1. ágúst. Vigdís Viggósdóttir kom inn í 60% stöðu í janúar til maí og svo aftur í ágúst og til áramóta. Dóra Dís Hjartardóttir, aðstoðarmaður er í 25% stöðu, á vegum „Atvinnu með stuðningi“ (stöðugildið heyrir ekki undir safnið).

Tölulegar upplýsingar – lykiltölur fyrir árið 2017: (tölur frá síðasta ári í sviga)

Afgreiðslutími var 54 klst á viku, nema á tímabilinu 1. júní til 22. ágúst, en þá var opið í 27,5 tíma á viku.

Fjöldi lánþega með gild skírteini við árslok 2017 voru 893 (870)

Heimsóknir voru um 8.991 (9.521). Þetta er örlítill fækkun frá fyrra ári.

Fjöldi skráðra eintaka í Gegni við árslok voru 33.039 (33.379).

Sumarlestur var með betri en árið 2016.

Útlán safnsins voru alls 41.363 (35.765). Inn í þessari tölu eru einnig útlán á námsbókum til nemenda. Þetta þýðir að hver lánþegi fékk að meðaltali 46 (41) gagn að láni á árinu 2017.

Helstu verkefni ársins:

Grisjun safnkosts lauk rétt fyrir áramót 2017 og eru allir starfsmenn fegnir að því verkefni sé nú loksins lokið. Nú verður grisjun framkvæmd með skipulögðum hætti samkvæmt verklagsreglum er settar voru 2016.

Helstu viðburðir ársins:

Í byrjun janúar hófst lestrarátak Ævars vísindamanns og 27. janúar hófst „Allir lesa“ átakið og tók safnið auðvitað þátt í báðum þessum lestrarátökum.

Alain Jean Garrabé hélt myndlistarsýningu í febrúar og þótti nemendum skólans afar gaman að hafa listaverk fyrir framan sig alla daga.

Mars var auðvitað að miklu leyti helgaður menningarvikunni og bauð safnið upp á þrjá viðburði. Björg Árnadóttir rithöfundur hélt námskeið í skapandi skrifum, Sævar Helgi Bragason kom og hélt fyrirlestur um himingeiminn og ætlaði að skoða stjórnurnar með okkur, en því miður var alskýjað þetta kvöld.

Árdís Sigmundsdóttir, Erla Dóra Gísladóttir, Júlía Guðrún Björnsdóttir og Þorgerður Kjartansdóttir voru síðan með sölusýningu á skarti sem þær hanna og gera.

Í apríl efndi safnið til ljósmyndakeppni meðal nemenda grunnskólans þar sem taka átti mynd af sér með tuskukettinum Dewey. Páskaegg voru í verðlaun.

24. maí kom Dr. Bæk og hjálpaði yngri kynslóð bæjarbúa að yfirfara reiðhjól sín fyrir sumarið.

Sumarlesturinn tókst betur en árið 2016 og skráðu 34 börn sig til leiks.

Haustdagskráin tók svo við í september þegar við gerðumst plastlaust bókasafn og létum við alla viðskiptavinum sem vildu poka, hafa fjölnota poka sem safnast höfðu úr ýmsum áttum. Gamán er að segja frá því að margir viðskiptavinum okkar koma nú aftur og aftur með „bókasafnspokann“ sinn.

16. október átti Guðbergur Bergsson átræðis afmæli og hélt Dr. Birna Björnsdóttir fyrirlestur um bókina Svaninn og Ása Helga Hjörleifsdóttir leikstjóri myndar sem byggð er á bókinni, leyfði okkur að sjá brot úr henni og hélt smá tölu um gerð myndarinnar.

6.-17. nóvember var farandsýningin „Þetta vilja börnin sjá“ haldin í Kvikunni á vegum bókasafnsins. Sýning þessi er með verkum úr íslenskum barnabókum og á að hvetja börn til að skoða myndlist.

21. nóvember hélt Sigríður Etna Marinósdóttir útgáfuhóf vegna bókar sinnar „Etna og Enok fara í sveitina“ á safninu.

6. desember gekk bókasafn Grindavíkur svo formlega í rafbókasafnið og opnaðist þar með nýr heimur fyrir lánþega okkar.

Vefur safnsins og facebook-síða:

Vefur bókasafnsins, www.grindavik.is/bokasafn er upplýsingaveita safnsins ásamt Facebook-síðu. Safnið er einnig komið á pinterest, instagram og snapchat.

Önnur þjónusta:

Safnið veitir upplýsingaþjónustu, auk þess að fá efni í millisafnaláni.

Lánum bókakassa í skip.

Leikskólar og yngri bekkir grunnskólans koma á safnið – þau fá stutta kynningu og kannski lítil verkefni, en þau yngstu koma til að venjast safninu og skoða bækur. Leikskólarnir fá einnig lánaða bókakassa til að auka við úrvalið hjá sér.

Kerfisleg þjónusta við lánþega: sendar eru viðvaranir, í netpósti eða sms og svo aftur þegar gögn eru komin í vanskil, þrisvar sinnum.

Samstarfssöfn og félög:

Landskerfi bókasafna, (með öll Gegnissöfnin) – forstöðumaður sækir aðalfund.

Alefli – félag notenda hjá Landskerfi – forstöðumaður sækir árleg ráðstefnu og aðalfund.

Samstarf almenningsbókasafna á Suðurnesjum – forstöðumaður sækir fundi eftir þörfum.

Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna, SFA – forstöðumaður sækir fundi vor og haust.

Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða – forstöðumaður sækir landsfund annað hvert ár og ráðstefnu á vegum félagsins hitt árið.

Félag fólks á skólasöfnum heldur fundi óreglulega og sækir forstöðumaður þá fundi.

Nýlega var stofnaður félagsskapur skólabókasafna á Suðurnesjum og sækir forstöðumaður þá fundi.

Grindavík, 14. febrúar 2018

Andrea Ævarsdóttir, forstöðumaður.